

Nd.

321. Frumvarp til laga

[124. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin að beiðni forsætisráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. um samkomudaginn eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma um það efni. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

„Vitað er, að Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1949 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.“